



## Aðalfundur Aftureldingar 2021

29. apríl 2020 – Fundur haldinn í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, FMOS

- Fundargerð –

### Fundur hófst kl. 18.00

#### 1. Fundarsetning

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður aðalstjórnar Aftureldingar, bauð fundargesti velkomna til fundarins.

#### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið upp á Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Krístrúnu Kristjánsdóttur sem fundarritara. Einróma samþykkt af fundarmönnum. Þau tóku þá þegar til starfa og tók Hafsteinn við fundarstjórn.

#### 3. Ársskýrsla stjórnar

Birna Kristín formaður kynnti ársskýrslu Aftureldingar. Þriðja árið í röð er ársskýrslan á rafrænu formi og má nálgast skýrsluna á heimasíðu félagsins. Boðið var upp á umræðu um skýrslu stjórnar en enginn kvaddi sér hljóðs. Birna Kristín fór yfir árið 2020 og rifjaði upp marga góða sigra og skemmtilegar minningar. Einnig teygði hún sig inn í árið 2021 og hrósaði þjálfurum, sjálfboðaliðum og starfsfólki fyrir vel unnin störf og hversu vel mönnum Afturelding er á þessum skrítum tímum vegna COVID-19. Hanna Björk íþróttafulltrúi fékk hrós fyrir vel unnin störf á þessum krefjandi tímum. Hún tók hlutverk sitt sem sóttvarnarfulltrúi föstum tókum og fékk hún oft hrós skilið frá utankomandi aðilum fyrir það. Fór yfir íþróttamann og konu ársins en það var með öðru sniði í ár. Voru verðlaunin keyrð út af Birnu og Geira til íþróttamanna hvernar deildar fyrir sig en síðan fór kjör íþróttamanns og -konu Aftureldingar fram á gamlársdag fyrir framan UMFA skiltið að Varmá.

Birna kynnti aðdraganda að skýrslu þarfagreiningar Varmásvæðis sem framkvæmd var af Eflu og er afurðin tilbúin.

#### 4. Ársreikningur 2020

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti ársreikning aðalstjórnar Aftureldingar og einnig samstæðureikning Aftureldingar í heild sinni.

Ársreikning aðalstjórnar má sjá í rafrænni ársskýrslu Aftureldingar.

Boðið var upp á umræðu um ársreikning en enginn kvaddi sér hljóðs. Ársreikningur var samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

## 5. Fjárhagsáætlun 2021

Sigurður Rúnar Magnúson, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti fjárhagsáætlun 2021. Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 377.979.146 og gjöldum upp á kr. 375.859.105 og er því hagnaður upp á kr. 2.110.041.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

## 6. Lagabreytingar

Birna Kristín, formaður leggur til eftirfarandi lagabreytingar:

**Tillögur að lagabreytingum eru eftirfarandi:**

### 20. grein.

#### **Æfingagjöld- og skráning iðkenda.**

Forráðamenn iðkenda eru ábyrgir fyrir skráningu iðkenda og greiðslu æfingagjalda. Skal það gert í upphafi hvers námskeiðs, í skráningar- og greiðslukerfi Aftureldingar á heimasíðu félagsins. Umsjón með skráningu og innheimtu æfingagjalda er hjá deildum. Aðalstjórn skal hafa eftirlit með og samræma skráningu og innheimtu á milli deilda. Sæki systkini námskeið innan sama tímabils er veittur 10% systkinaafsláttur af hverju námskeiði. Stundi iðkandi tvö eða fleiri námskeið innan sama tímabils er einnig veittur 10% fjölgreinaafsláttur af hverju námskeiði. Ofangreindir afslættir reiknast sjálfvirkt frá og með annarri skráningu.

#### **Verður**

#### **Æfingagjöld- og skráning iðkenda.**

Forráðamenn iðkenda eru ábyrgir fyrir skráningu iðkenda og greiðslu æfingagjalda. Skal það gert í upphafi hvers námskeiðs, í skráningar- og greiðslukerfi Aftureldingar á heimasíðu félagsins. Umsjón með skráningu og innheimtu æfingagjalda er hjá deildum. Aðalstjórn skal hafa eftirlit með og samræma skráningu og innheimtu á milli deilda. Sæki systkini námskeið innan sama tímabils er veittur 10% systkinaafsláttur af hverju námskeiði. Stundi iðkandi tvö eða fleiri námskeið innan sama tímabils er einnig veittur 10% fjölgreinaafsláttur af hverju námskeiði. Ofangreindir 10% afslættir reiknast sjálfvirkt frá og með annarri skráningu. Ef forráðamenn eiga rétt á báðum afsláttunum innan sama tímabils þarf að sækja um síðari 10% hjá skrifstofu Aftureldingar.

Borið undir fundinn, samþykkt samhljóma.

Lögin eru lögð fram í heild sinni. Samþykkt samhljóða.

## 7. heiðursviðurkenningar

Heiðursviðurkenningum var almennt frestað til betri tíma sökum ástandsins en þar sem Hlynur Chadwick Guðmundsson lét af störfum sem þjálfari frjálsíþróttadeildar Aftureldingar þótti við hæfi að veita honum viðurkenningu.

Hlynur Chadwick Guðmundsson fyrrum þjálfari í frjálsíþróttadeild Aftureldingar var heiðraður þar sem hann sem hann lét af störfum hjá Aftureldingu fyrr á árinu. Hlynur á langa sögu sem þjálfari hjá Aftureldingu og fór Birna Kristín yfir sögu þjálfunar Hlyns. Hún þakkaði honum fyrir hans framlag til Aftureldingar.

## 8. Kosningar

### a) Kosning formanns

Birna Kristín Jónsdóttir var ein í kjöri og var því sjálfkjörin einróma.

### b) Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára

Geirharður Long og Erla Edvardsdóttir buðu sig fram til tveggja ára.

### c) Kosning eins varamanns stjórnar til tveggja ár

Gunnar Skúli Guðjónsson bauð sig fram til tveggja ára.

Aðalstjórn Aftureldingar 2020-2021 er því eftirfarandi:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður, Erla Edvardsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon, Geirharður Long, Gunnar Skúli Guðjónsson, Lára Berglind Helgadóttir og Reynir Ingi Árnason.

### d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar

Gerð tillaga um að Helga Jóhannesdóttir verði áfram kjörin skoðunarmaður reikninga aðalstjórnar. Valdimar Leó Friðriksson lætur af störfum sem skoðunarmaður reikninga og gerð tillaga um Ernu Reynisdóttur sem skoðunarmann reikninga aðalstjórnar í hans stað.

Tillögurnar báðar samþykkt einróma.

### e) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda

Gerð tillaga um Ernu Reynisdóttur sem skoðunarmann reikninga deilda. Samþykkt einróma.

## 9. Önnur mál og ávarp gesta

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar ávarpaði gesti. Haraldur segir frá afmælisgjöf sem hann afhenti formanni Aftureldingar á 110 ára afmælinu árið 2019 en afmælisgjöfin var hugmyndavinna hönnuða að framtíðarskipulagi og uppbyggingu íþróttasvæðisins að Varmá, sem byggð verður á þarfagreiningu félagsins og framtíðarsýn Mosfellsbæjar. Efla vann þessa vinnu í samstarfi við Mosfellsbæ og íþróttafélagið og er búin að skila niðurstöðum. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að þjónustu- og aðkomubygging er mest aðkallandi, sem innifelur búningsklefa, gestamóttöku og félagsaðstöðu. Í annan stað er lagt til að efla knattspyrnusvæðið í heild sinni, með fjölgun valla, stúkubyggingu ofl. Viðhald á núverandi húsnæði er einnig brýnt, sturtur í búningsklefa fimleikadeilda og auk viðhalds á öðrum búningsklefum hússins sem núþegar er í farvegi.

Bæjarráð fól umhverfissviði og fræðslu- og frístundarsviði að gera frekari greiningu á framkvæmd þjónustu- og aðkomubyggingu, og hvað þetta verkefni muni kosta. Haraldur benti á að staða sveitarfélagsins væri ekki góð um þessar mundir en er bjartsýnn að koma þessari framkvæmd á áætlun fljótlega.

700 miljónir kr. eru eyrnamerktar Aftureldingu næstu 3 ár sem ekki er búið að ráðstafa í nein tiltekin verkefni.

Spurning frá Ragnheiði formanni Taekwondodeildar um styrktaraðstöðu og hvort að núverandi rekstaraðili yrði þá áfram. Ekki er búin taka neina ákvörðun um það á þessu stigi.

Reynir Ingi Árnason tók til máls er varðar útlit á Varmárvæðinu og hversu þröngt svæðið er m.t.t. þjóðveggar. Hann vakti máls á því að kannski væri tími til kominn að hugsa aðra staði til uppbyggingar á aðstöðu til íþróttar þar sem svæðið að Varmá væri takmörkunum sett.

Ásgeir Sveinsson bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ tók til máls og nefndi að það bíða stórar ákvarðanir er varðar Blikastaðalandið. Ekki er nóg svæði að Varmá og getur farið svo að nýtt íþróttasvæði yrði byggt á Blikastaðalandi. Einnig er gert er ráð fyrir íþróttahúsi í Helgafellslandi. Langt komin með nýtingu og framtíðarskipulag Varmásvæðis með tilkomu þessarar skýrslu.

Guðrún Kristín Einarasdóttir tók til máls og sagði að það gerist ekki neitt varðandi stefnumótun Aftureldingar. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar í kjölfar stefnumótunar. Haraldur benti á að með samráðsvettvanginum er verið að formfesta ákvarðanir.

Kolbrún Þorsteinsdóttir tók til máls og tók við af því sem Guðrún Kristín sagði. Uppbyggingin að Varmá hefur oft verið heitasta umræða í Mosfellsbænum. Og með samráðsvettvangi er hægt að ganga í takt og ekki vera í átökum, heldur með samtölum við Bæinn. Með þessari skýrslu líkur uppbyggingu að Varmá sem mun taka næstu 10-15 ár.

Hlynur Chadwick Guðmundsson fyrrum þjálfari í frjálsíþróttadeild Aftureldingar stígur upp í pontu og tekur til máls. Þakkar innilega fyrir sig og starfandi frá 1992 er Afturelding honum kært. Búið er að hlúa að umgjörð sem er sniðin að hverri deild fyrir sig sem er gott nema ein deild gleymst eftir allan þennan tíma sem er frjálsíþróttadeildin. Umræðan um að skipta yfir í gervigras á aðalvelli hugnast frjálsum ekki vel. Hlynur kemur með hugmynd um að nýta skólagryfjur norðan við Varmáskólann fyrir kastgreinar. Svæðið gæti verið sniðið að þörfum að þessari íþrótt. Útivöllur er einungis notaður 4 mánuði á ári og er þörf á inniaðstöðu fyrir deildina líkt og hjá Fjölni í Egilshöllinni. Þriðja málið er aðstaða fyrir eldri borgara á Blikastaðalandi sem yrði fjölnota svæði innanhús fyrir eldri íbúa.

Guðrún Kristín hrósar starfi íþróttafulltrúa og einnig fyrir skýrsluna og fá þessa aðkomubyggingu. Hún ræddi aðstöðu styrktarþjálfunar, og kom fram í skýrslu blakdeildar að farið verði endurskoðun styrktarþjálfunar meistaraflokkana. Er óánægð með einkareknu líkamsræktarstöðina vegna hagsmunaárekstra. Hun kallar eftir því að eitthvað verði afhaðst í þessu máli.

Guðmundur Sigurbergsson nýkjörninn formaður UMSK. UMSK mun veita Hlyni Chadwick heiðursverðlaun síðar þegar tækifæri gefst og óskar Aftureldingu velgæni.

Sigurður Rúnar Magnússon gjaldkeri aðalstjórnar kynnti skýrslur frá ráðgjafafyrirtækinu Sessor og þá starfrænu umbreytingu sem Aftureldingu langar til að ráðast í. Verkferlar í bókhaldi Aftureldingar er komið á endastöð og þörf er á umbreytingu. Hann fór yfir drög að áætlun sem Sessor kynnti fyrir aðalstjórn eftir að hafa unnið greiningarskýrslu á bókhaldi og verkferlum tengda bókhaldi

Aftureldingar. Sigurður Rúnar kom með tillögu að fjármögnun þar sem þessi umbreyting mun kosta 8 milljónir kr. Þriðjungur yrði greiddur af aðalstjórn, þriðjungur í formi styrkja og fjármögnun og þriðjungur frá deildum Aftureldingar.

#### 10. Fundarslit

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar, þakkaði fundargestum fyrir komuna á fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar.

***Fundi slitið kl. 20.00***

***Fundargerð ritaði Krístrún Kristjánsdóttir***